

Yfirlýsing mennta- og menningarmálaráðherra með kjarasamningum SNR og KÍ/framhaldsskóla

Íslenska framhaldsskólakerfið hefur verið endurskipulagt þar sem faglegt frumkvæði kennara og skóla er sett í öndvegi. Skapa þarf aukinn sveigjanleika í starfi skóla og kennara þar sem tekið er mið af stefnu, námskrá og nemendasamsetningu hvers skóla og gefið svigrúm til fjölbreytilegra kennsluhátta og námsmats. Faglegt forystuhlutverk framhaldsskólakennara er að breytast og starf þeirra felur í auknum mæli í sér samvinnu sem reynir með margvíslegum hætti á fagleg vinnubrögð;

- með samkennurum til að fylgja eftir og þróa samfaglegar áherslur og virk tengsl milli námsgreina,
- sem varðar umsjón með námi og námsframvindu nemenda og aukin tengsl við forráðamenn.

Innleiðing aðalnámskrár, sem tekur að fullu gildi árið 2015, er unnin af framhaldsskólunum í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Allt skólastarf ætti að mótast af þeim umbreytingum sem ný námskrá kallar á. Í maí 2015 er miðað við að hver framhaldsskóli hafi tekið upp nýtt einingakerfi, hafi lokið við að skilgreina nám miðað við hæfniprep og fléttað grunnþætti menntunar inn í allar námsbrautarlýsingar.

Nám til að öðlast réttindi sem framhaldsskólakennari spannar fimm ár frá skólaárinu 2011. Lenging kennaranáms var meðal annars hugsuð til að mæta kröfum um breyttan framhaldsskóla. Vegna alls þessa má á næstu árum gera ráð fyrir nauðsyn fyrir aukna menntun starfandi kennara til að takast á við breytt hlutverk kennara og skólans sem stofnunar. Ekki síst varðandi fagmennsku kennara í stefnumótun, námskrárgerð, innleiðingu grunnþátta, eftirfylgni og umsjón með nemendum.

Í stefnu stjórnvalda, Ísland 20/20, er markmiðið að hlutfall Íslendinga á aldrinum 20-66 ára sem ekki hafa hlotið formlega framhaldsmenntun minnki úr 30% í 10% árið 2020. Í ljósi þessa þarf að móta leiðir til þess að nemendur á framhaldsskólaaldri útskrifist með menntun sem gagnast þeim í framtíðinni og leiðir til að hvetja þá sem eldri eru og ekki hafa lokið skilgreindu námi að ljúka því. Hlutverk kennara og skólastjórna í framgangi þessara markmiða verður að vera skýrt þar sem þeim verður ekki náð nema með frumkvæði og virkri þátttöku þeirra.

Reykjavík, 26. maí 2011



Katrín Jakobsdóttir

mennta- og menningarmálaráðherra